

Formáli

Í þessari starfsáætlun er farið yfir helsta þróunar- og nýbreytnistarf sem áætlað er í leikskólanum Hjallatúni, starfsárið 2017 - 2018. Upplýsingar um starfið í Hjallatúni er að finna í 5. útgáfu af námskrá Hjallatúns sem kom út í september 2015. Námskrána og aðrar upplýsingar um leikskólastarfið er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans: www.hjallatun.is.

Nú er 17. skólaár Hjallatúns að hefjast og alltaf er það jafn spennandi að takast á við nýtt skólaár. Leikskólinn Hjallatún hefur tekið þó nokkrum breytingum undanfarin ár. Leikskólinn hefur stækkað um tvær heimastofur og erum við að venjast þeim breytingum. Það gekk vel að móta starfið sl. ár en við eigum samt sem áður þó nokkuð í land. Það voru ekki miklar starfsmannabreytingar fyrir þetta skólaár en við réðum inn þrjá nýja starfsmenn og kvöddum tvo. Í október og nóvember fara þrír starfsmenn í fæðingarorlof. Það eru fjölmörg verkefni á komandi ári þar má nefna, Hringekjuna, Uppeldi til framtíðar, samskiptiverkefni og vináttuverkefni svo eitthvað sé nefnt.

Mat á síðasta skólaári

Áætlun þessi byggir á innra mati frá síðasta skólaári. Eftirfarandi mat fór fram:

- Starfsmannasamtöl deildarstjóra, september 2016.
- Starfsmannasamtöl leikskólastjóra vorið 2017.
- Endurmat í hópum á starfsmannafundi í júní 2017, spurningar samdar af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Niðurstöður úr endurmati liðins skólaárs voru ræddar á fundum í september s.l. og drög lögð að þessari ársáætlun.

Hagnýtar upplýsingar

Barnahópurinn 2017-2018

Í leikskólanum dvelja 107 börn þetta árið á sex heimastofum. Yngstu börnin eru á Norðurgangi og eru þá þrír árgangar saman á Vestur- og Austurgangi. Við munum halda áfram að aðlaga okkar vinnubrögð að breyttri aldursblöndun. Þó eru komnar skarpar línur sem þarf aðeins að vinna með. Það þarf t.d. að ramma Hringekjuna betur inn á Norðurgangi.

Í Hjallatúni eru 46 stúlkur og 60 drengir og dvelja þau 953 klukkustundir á viku. Í Hjallatúni njóta 8 börn sérkennslu og fá stuðning við einstök verkefni eða í daglegum athöfnum.

Í Hjallatúni eru 35% barnanna tvítyngd sem tala 12 tungumál. Tungumálin sem eru töluð í Hjallatúni eru: Rússneska, arabíska, spænska, enska, pólska, litháíska, albanska, króatíska, víetnamíska, kúrdíska, nígeríska, sómalíska og filipíska.

Í Hjallatúni eru 29 stöðugildi sem 32 starfsmenn deilda með sér. Menntunarstig hópsins er

breytt, hópurinn saman stendur af leikskólakennurum, grunnskólakennurum, iðjuþjálfra, öðru háskólamenntuðu fólki og leiðbeinendum. Starfsmannahópurinn er einnig tvítýngdur, í Hjallatúni starfar fólk frá Íslandi, Póllandi, Litháen og Belgíu.

Barnahópurinn 2017-2018	Fjöldi
Börn fædd 2012	18
Börn fædd 2013	29
Börn fædd 2014	30
Börn fædd 2015	30

Nemar

Sjö starfsmenn Hjallatúns stunda nám við háskóla skólaárið 2017-2018. Fjórir starfsmenn stunda nám við Háskóla Íslands og einn við Háskólann á Akureyri. Þessir nemar eru í grunnnámi og framhaldsnámi og eru að nema leikskólakennarafræði, sálfræði og mannauðsstjórnun. Tveir starfsmenn stunda nám við Borgarholtsskóla og eru á leiðskólaliðabráut.

Starfið komandi ár

Markmið og sérstakar áherslur:

Meginmarkmið Hjallatúns

Frá upphafi hafa kennarar Hjallatúns unnið að þremur meginmarkmiðum:

- Að efla sjálfspækingar- og samskiptagreind barna.
- Að kenna börnunum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd.
- Að nota leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins.

Heiti verkefnis	Markmið	Verkefnastjóri	Tímarammi
Hringekja	<ul style="list-style-type: none"> • Að framkvæma Hringekju í endurbættu skipulagi. • Ná fram markmiðum Hringekjunnar. • Að þjálfa skráningu í Hringekju. • Þróa Hringekju á Norðurgangi. 	Ólöf M. Sverrisd, Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið

Vinátta	<ul style="list-style-type: none"> • Kynna vináttuverkefni Barnaheilla fyrir starfsfólki. • Kynna vináttuverkefnið fyrir foreldrum. • Innleiða vináttuverkefnið í leikskólann. 	Ólöf M. Sverrisd, Hallfríður Matthíasd.	Vor 2018
Uppeldi fram tíðar til	<ul style="list-style-type: none"> • Rifja upp námsefni á skólaárinu. • Að nota námsefnið í daglegu starfi og í samstarfi með foreldrum. 	Ólöf M. Sverrisdóttir, Arnbjörg E. Hannesdóttir.	Allt árið
Skipulag Vestur- og Austurgangs	<ul style="list-style-type: none"> • Að stefna leikskólans endurspeglit í dagsskipulaginu. 	Deildarstjórar Vestur- og Austurgangs	Allt árið
Íslenskukennsla	<ul style="list-style-type: none"> • Að styrkja sjálfstraust og sjálfsmýnd tvítýngdra barna sem kemur þeim vel í íslensku samfélagi. • Efla orðaforða, málhæfni, þátttöku og frumkvæði þeirra. 	Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið en kennt er í lotum
Framtíðarsýn Reykjanesbæjar	<ul style="list-style-type: none"> • Vinna markvisst með Orðaspjall • Vinna markvisst með Numicom. • Vinna markvisst með Bínu. • Vinna markvisst með Lubba. 	Deildarstjórar Hjallatúns	Allt árið
Starfsþróun	<ul style="list-style-type: none"> • Virkja allt starfsfólk í starfinu • Leyfa fólki að takast á við ný verkefni • Vera með góða leiðsögn og kennslu í nýjum verkefnum 	Ólöf M. Sverrisd, Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið

Sérkennsla	<ul style="list-style-type: none"> • Að leggja fyrir Efi - 2. • Að leggja fyrir Hljóm -2 fyrir elsta árganginn. • Vinna með markvissa málörvun og félagshæfni. 	Sara Líf Kastbjerg Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið
Vínátta og virðing	<ul style="list-style-type: none"> • Að vinna með hugtakið vínátta í starfsmannahópnum. • Að virðing fyrir samstarfsfélögum okkar og skjólstæðingum verði alltaf í fyrirrúmi. 	Ólöf M. Sverrisd, Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið
Norðurgangur	<ul style="list-style-type: none"> • Að þróa dagsskipulag sem undirbýr yngstu börnin fyrir næsta skólaár. • Að þróa og aðlaga Hringekju á norðurgangi fyrir 2ja ára börn. 	Deildarstjórar Norðurgangs og leikskólastjórar.	Allt árið
Skólahópur	<ul style="list-style-type: none"> • Að nýta mannauðinn, virkja fleiri starfsmenn til þess að vinna með þennan hóp. • Starfa eftir nýrri starfsáætlun. 	Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið
Skólabragur	<ul style="list-style-type: none"> • Rýna í skólabrag Hjallatúns og skoða hvort við þurfum að skerpa á einhverju. Er skólabragurinn eins og við viljum hafa hann? 	Stjórnendur Hjallatúns	Allt árið
Karellen	<ul style="list-style-type: none"> • Að innleiða kerfið þannig að starfsfólk kunnir á það og það geti nýtt það sem kerfið býður upp á. • Virkja foreldraaðgang og nýta það sem hann býður upp á. 	Ólöf M. Sverrisd. og Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið

Heilsueflandi skóli	<ul style="list-style-type: none"> Fá allt starfsfólk skólans til þess að skoða hreyfingu og mataræði í Hjallatúni. Hvar eru sóknarfærin hjá okkur? 	Ólöf M. Sverrisd. og Arnbjörg. E. Hannesd.	Allt árið
Mötuneyti	<ul style="list-style-type: none"> Rýna vel í matseðla og skoða hvar við getum bætt okkur. T.d. minnka sykurnotkun, minnka unna vöru og fleira. Þjóða oft upp á fjölbreytt grænmeti. 	Brynja Sigurðard. Ólöf M. Sverrisd. og Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið
Facebook	<ul style="list-style-type: none"> Markmiðið era ð búa til facebook hópa fyrir hvern gang til þess að bæta upplýsingaflæði til foreldra. 	Arnbjörg E. Hannesdóttir og deildarstjórar	Allt árið
Lubbi finnur málbein	<ul style="list-style-type: none"> Innleiða Lubba á öllum göngum skólans. 	Deildarstjórar	Allt árið

Verkefni sem Reykjanesbær leggur áherslu á þetta skólaárið eru nokkur sem við tökum virkan þátt í. Þessi verkefni eru m.a. framtíðarsýn Reykjanesbæjar, Heilsueflandi samfélag og uppeldi til framtíðar. Við gefum þessum verkefnum þátt pláss í okkar áætlun og hlökkum til að takast á við þessi verkefni ásamt öllum hinum.

Mat á starfinu

Eftirfarandi mat er áætlað að fari fram.

- Starfsmannasamtöl leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra, september/október 2017.
- Viðhorfskönnun fyrir foreldra í mars 2018 samhliða foreldrasamtölum.
- Endurmat í hópum á starfsmannafundi vorið 2018. Spurningar samdar af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Mat frá börnunum vorið 2018.

Kynning á leikskólanum

- Kynningarfundur fyrir foreldra elstu barnanna í nóvember 2017.
- Kynningarfundur fyrir nýja foreldra í maí/júní 2018.
- Kynningarfundur fyrir foreldra ef ný verkefni líta dagsins ljós.

Símenntunaráætlun 2017-2018

Námskeið

Þetta eru þau námskeið sem er búið að skipuleggja fyrir veturinn. Einnig munum við sækja fleiri námskeið sem Reykjanesbær mun bjóða upp á sem eru ekki komin á dagskrá ennþá. Við viljum hvetja starfsfólk okkar til að vera duglegt að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir okkur leikskólafólkið og að nota styrkina sína og sækja námskeið.

Námskeið	Hvenær	Hverjir
Numicon	2. október 2017	5 starfsmenn
Málþing	22. september 2017	Allir
Lubba námskeið	3. nóvember 2017	Allir
Orðaspjall	óákveðið	óákveðið
Skyndihjálp	óákveðið	Allir
Leikur að læra	apríl	2-8 starfsmenn

Skipulagsdagar

Fjórir skipulagsdagar verða haldnir þetta árið þ.e.

Fyrirkomulag skipulagsdaga 2017 – 2018

Föstudagurinn 22. september 2017: Málþing

Föstudagurinn 3. nóvember 2017 : Lubba námskeið og fundir

Mánudagurinn 22. janúar 2018 : Óákveðið

Föstudagurinn 20. apríl : námsferð

Foreldrasamstarf

Upplýsingastreymi til foreldra

Upplýsingastreymi verður að mestu leiti með svipuðu sniði og áður. Við ætlum að nýta heimasíðu skólans til þess að koma upplýsingum á framfæri og í gegnum tölvupóst. Einnig notum við Facebook síðu þar sem við setjum inn tilkynningar og örstuttar fréttir með mynd um það sem er að gerast í leikskólanum. Til þess að fylgjast með okkur á Facebook leitið þá eftir Leikskólinn Hjallatún og líkið við okkur. Í ár ætlum við að gera tilraun með facebook hópa. Þ.e. einn hópur fyrir hvern gang. Inn á þessar síður verða settar upplýsingar um leik og starf í Hjallatúni sem við teljum vera mikilvægt fyrir foreldra að geta nálgast. Við höldum áfram að innleiða nýtt kerfi Karellen sem heldur utan um allt frá umsóknum og til þess hversu vel barnið hefur borðað og sofið í leikskólanum. Við sjáum mikla hagræðingu með því að nota Karellen og teljum að foreldrar fái meiri upplýsingar og að samskipti geti verið auðveldari fyrir foreldra og starfsfólk. Markmiðið hjá okkur þetta skólaárið er að virkja

aðgang foreldra að Karelle. Foreldrar eru mjög áhugasamir um það sem börnin eru að gera í leikskólanum og teljum við okkur vera að koma á móts við þau með því að tengjast veraldarvefnum. Við erum líka með flatskjái í fataklefum þar sem við látum myndir ganga eftir daginn ef það gefst tími til að setja þær inn.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla sitja þrjú foreldrar í foreldraráði. Eftirfarandi foreldrar sitja í ráðinu: Anna Jóna Úlfarsdóttir, Ari Lár Valsson og Jolanta Zdancewicz. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag Hjallatúns

Foreldrafélag Hjallatúns er samstarfsvettvangur foreldra. Félagið ber hag barnanna fyrir brjósti og kemur að leikskólastarfinu á ýmsan hátt. Sem dæmi má nefna hina árlegu og sívinsælu piparkökumálun, öllum börnum og fjölskyldum þeirra er boðið. Uppákomu jólasveinsins á jólaballinu með jólagjöf í farteskinu handa öllum börnum. Upplæstur bókahöfundar úr barnabók fyrir jólin, hittingur í íþróttahúsi fyrir öll börn með foreldrum eftir áramót. Foreldrafélagið hefur styrkt ötullega við lestrarmenningu leikskólans í formi bókagjafa og mun gera það áfram eins og þörf er á.

Foreldrakaffi

Foreldrakaffi verða með hefðbundnum hætti 4 – 5 sinnum á ári.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl verða tvisvar á árinu. Þau fyrri verða í október þar sem farið er yfir starfið yfir veturinn. Seinni samtölin verða í apríl en í þeim er farið yfir líðan og þroska barnsins.

Lokaorð

Það bíður okkur spennandi vetur og erum við í Hjallatúni tilbúin að takast á við þau verkefni sem stefnt er að. Þó er ávallt mikilvægast í okkar starfi að börnum, foreldrum og starfsfólki skólans líði vel og finni sig vel í leikskólanum. Börnin eru í fyrirrúmi alla daga og er það hlutverk kennarans að hlusta á þau og virða þeirra líðan og skoðanir. Við mætum þeim þar sem þau eru stödd og vinnum út frá því. Börnin eru á heimavelli í leikskólanum og er hann þeirra griðastaður þar sem þau geta verið þau sjálf og notið sín í leik og starfi.



Tekið saman í september 2017

Virðingarfyllst,

**Ólöf Magnea Sverrisdóttir,
Leikskólastjóri**

Umsögn foreldraráðs:
